

Jón Jónsson Aðils. Brotin til mergjar bók hans, Íslenzkt þjóðerni. Alþýðufyrirlestar.

### *Inngangur*

Í ritgerð þessari skal fjallað um bókina; „Íslenzkt þjóðerni,“ og um höfund hennar, Jón Aðils Jónsson. Skyggst verður um af kögunarhóli „yngri“ íslenskra sagnfræðinga og leitað í smiðju þeirra eftir „tæki og tólum“ nútíma sagnfræði. Í bók rekur Jón sögu Íslendinga frá tímum umróts Víkingaaldar og jafnvel aftur til þjóðflutninganna miklu í Evrópu. Hann leitast við að varpa birtu á tilurð íslenskrar þjóðernistilfinningar og ættjarðarástar og þýðingu hennar fyrir þroska, sjálfstæðisviðleitni og sjálfstæðisbaráttu. Bókin skrifar hann í upphafi liðinnar aldar, þegar sjálfstæðisbarátta Íslendinga stendur sem hæst. Fjallað verður um sjónarhorn höfundar, grundvallarhugtök og skilnings hans á söguritun. Að síðust verður reynt að varpa ljósi á hina fræðileg arfleifð hans eins og hún birtist í verkum nokkurra fræðimanna á vorum dögum.

### *Æviágrip/lífshlaup*

Jón Jónsson (1869-1920), sem síðar tók sér ættarnafnið, Aðils, lauk stúdentsprófi frá Lærða skólanum í Reykjavík árið 1889, settist um haustið á skólabeck í Kaupmannahöfn, þar sem hann hugðist nema læknisfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Tveim árum síðar söðlaði hann um og tók að leggja stund á sagnfræði. Því námi lauk hann ekki að heldur, en rannsakaði sögu Íslands á átjándu öld, vann um skeið í ríkisskjalasafni Dana og var kennari í tvo vetur, áður en hann hélt heim á leið. Þar var hann m.a. bókavörður við Landsbókasafnið 1906-1911, sat á Alþingi 1911 til 1913 sem fulltrúi Reykvíkinga. Jón sat á þingi fyrir Heimastjórnarflokk og Sambandsflokk. Flutti fyrirlestra um sögu Íslands, en við stofnun Háskóla Íslands 1911 varð hann fyrsti sögukennari hans; dósent þar til 1919 og gerður að heiðursdoktor sama ári. Reit fjölda rita um íslenska sögu, m.a. það, sem hér er til umfjöllunar. Doktorsritgerð hans fjallaði um einokunarverslun Dana á Íslandi 1602-1787.(1)

### *Ætlunarverk Jóns*

Eftir stuttan lestur í velskrifuðu verki velkist lesandi varla í vafa um, að hér er að ferðinni einlægur talsmaður sjálfstæðis þjóðarinnar og ötull liðsmaður þeirra, er vildu sambandsliit við herrapjóðina, Dani. Þung orð falla í þeirra garð fyrir skilningskort á högum íslenskrar þjóðar, vanstjórn og arðrán. Hann bendir skýrt á mikilvægi þjóðernisins fyrir sjálfbjargarviðleitni Íslendinga og sjálfsímynd. Mikilvægi tungunnar í þessu sambandi er Jóni ofarlega í huga. Það fer vart milli mála, að höfundur vilji vekja þjóð sína af svefni og hvetja hana til dáða í anda Eggert Ólafssonar, Jónasar Hallgrímsson og Fjölnismanna. Aðdáun höfundar á þessum aðiljum er einskær. Höfundur vill ekki einasta hrista eymdardröngann af löndum sínum, heldur mæla í móti hefðbundinni söguskoðun fyrri sagnfræðinga eða söguritara. Þar er Guðbrandur Vigfússon nefndur til sögu. Jón hyggst sýna fram á „kynblöndun“ Kelta og Norðmanna og beina sjónum lesenda (eða öllu heldur tilhlýðenda) að göfugleika hins sérstaka íslenska kyns, sem af blönduninni er sprottin. Það er ætlunarverk Jóns að rekja og einkenna meginstraumanna í sögu þjóðarinnar. Hann segir um þetta m.a.:

Þá mun enn verða sýnt, hvernig mesta niðurlægingartímabilið í lífi þjóðarinnar einmitt um leið er það tímabilið, þegar þjóðernistilfinningin er daufust og lætur sem minst á

(1)Alþingi..., bls. 1. – wikipedia -

sér bera, - svo aftur hitt, hvernig þá fyrst tekur að marki að rofa fyrir sól og sumri í lífi hennar, þegar sú tilfinninga raknar við, minnst uppruna vorrar fornu frægðar og knýr þjóðina til að rækja tungu sína og fornbókmentir. Þar eru vegamótin í lífi íslensku þjóðarinnar. Þá hættir hún að reika á villigötum og víkur inn á þá braut, sem liggur til framsóknar og farsældar.

Að lokum mun svo skýrt frá því, hvernig þjóðernistilfinningin ryður sér meir og meir til rúms, hvernig hún læsir sig inn í hug og hjörtu þjóðarinnar með ljóðum skáldanna, með orðum og áheitum ættjarðarvinanna og með endurfæddum bókmentum þjóðarinnar. Þetta mun svo að síðustu gefa tilefni til að fara nokkrum orðum um, hverjar framtíðarvonir vér getum bygt á fortíðarreynslu. (2)

### *Sjónarhorn/aðferð*

Jón skoðar sögu Íslands einkum á grundvelli stjórnskipunar og bókmenntaarfs. Þjóðernið er þar í brennidepli. Sjónum skal beint að: „aðal einkenni hins íslenska þjóðernis á söguöldinni, sérstaklega að því leyti, sem þau koma fram í tveim hliðum þjóðlífsins, sem hafa borið nafn Íslendinga út um víða veröld, en þessar tvær hliðar eru: forníslenskar bókmentir og forníslensk stjórnskipun. (3)

Hann leitar í megindráttum fanga í Eddu, Íslendingasögnum, annálum og fræðum útlendra sagnaritara, sem einnig grundvalla söguskoðun sína á sömu heimildum í aðalatriðum. Jón gerir í sjálfu sér hvergi gagngera grein fyrir aðferð sinni, að öðru leyti en því, en hann hafi skoðað heimildir sínar gjörla og að kenningar sínar sé hann tilbúinn til að verja „með oddi og egg, eins og menn segja, ef til þess kemur, því þær eru sprotnar af lengri og ýtarlegri rannsókn og íhugun.“ (4)

Höfundur greinir frá söguspeki sinni. Kjarni sögunnar eru orsakir og afleiðingar atburða, en ekki atburðirnir sjálfir. Söguspeki hans virðist einhvers konar „fúnksjónalismus,“ sem endurspeglast í þessum orðum: „Viðburðirnir koma þá fyrst fram í sinni fullu og réttu þýðingu, þegar þeir eru settir í innra samband hvor við annan og skoðaðir sem liðir í einni óslitinni heild.“ (5)

Hér er forvitnilegt að líta um öxl og lesa orð sagnaritarans, Árna Magnússonar, sem uppi var um öld fyrr en höfundur vor. Árni leggur einnig áherslu á gildi orsaka og afleiðinga. Þegar samtímaheimildarmenn falla frá, þ.e. þeir sem „þekktu málavöxtu, orsakir atburða og samhengi ... [standa eftir] falsaðar eða óljósar frásagnir.“ (6)

Þegar skoðað er ætlunarverk höfundar og aðferð ber ekki á öðru, en að hvort tveggja sé í samræmi við kröfur nútíma sagnfræði. Jón Aðils notar kenningu sína sem forsagnartæki í skilningi Sverrir Jakobssonar. Hin síðarnefndi segir:

[Sagnfræðikenningar] eru fræðileg forsagnartæki, viðmið sem sagnfræðingur leggur til grundvallar vali á rannsóknarefni, vali á orsakaskýringum og túlkun heimilda og gerð frásagnarforms. Allir sagnfræðingar velja sér bæði rannsóknarefni og orsakaskýringar og þar er enginn einhlítur eða hlutlaus mælikvarði.“ (7)

(2) Jón Jónsson. *Íslenskt ...*, bls. 2. – (3) Sama rit, bls. 1. – (4) Sama rit, bls. 2. – (5) Sama rit, bls. 2. – (6) Árni Magnússon. *Um sögu ...*, bls. ? – (7) Sverrir Jakobsson, *Um fræðileg...bls. 97*, sjá einnig Tosh, J. *The Pursuit...bls. 214*.

Höfundur sýnir „ítrustu varúð“ í skilningi og anda Gunnars Karlssonar, þegar hann skoðar sagnfræði forvera sinna um þjóðerni, sbr. þau orð, sem Gunnar lét falla tæpri öld, eftir að Jón flutti fyrirlestra sína:

„Öllu sem þjóðernissinnaðir söguritarar okkar héldu fram [...], frá Jóni Sigurðssyni forseta um 1840 til nafna hans Jóhannessonar prófessors rúmri öld síðar – svo stiklað sé á nöfnum tveggja öndvegisfræðimanna - , öllu því hljótum við að taka með ítrustu varúð, uns það hefur staðist nýja, gagnrýna prófun.“ (8)

Samkvæmt þessu mundi Gunnar rýna verk Jóns með sama hugarfari og Jón skoðaði verk Guðbrands Vigfússonar. Sannast hið fornkeðna: „Allt er í heiminum hverfult.“ En samkvæmt ofangreindu er greinilegt, að aðferð og sjónarhorn Jóns hefur elst vel.

### *Meginhugtök*

Eins og drepið var á, fer Jón ekki í felur með sagnfræðikenningu sína. Hún er reyndar svo skýr, að niðurstaða rannsókna hans er fyrirfram gefin. Íslenskt þjóðerni hefur orðið til við blöndun tveggja kynþátta, Kelta og Norðmanna. Og samkvæmt lýsingum hans á hvorum tveggju er varla við öðru að búast, að upp risi yfirburðakynþáttur. Gefum höfundi orðið:

Norðmenn og Írar voru sitt af hvorum kynþættinum innan hinnar miklu arisku ættar. Norðmenn voru af germönskum, en Írar af keltneskum uppruna. Þjóðirnar voru líka að eðlisfari gagnólíkar.

Írar voru hugsjóna- og tilfinningarík þjóð, þeir voru öfgamenn og kunnu lítt taumhald á ástríðum sínum. Þeir líf var meir hugsjóna- og draumóralíf, en verknaðar- og framkvæmdalíf.

Norðmenn voru aftur á móti fyrst og fremst af öllu framkvæmdaþjóð. Þeir voru dulir í skapi og létu tilfinningarnar og ástríðurnar lítt fá yfirhönd hjá sér, en þegar þeir sleptu þeim lausum til framkvæmda, þá héldu þeim engin bönd. Vilja- og framkvæmdaþrekið yfirgnæfði alt annað hjá þeim. (9)

„Á Íslandi ílendist að lokum blóminn af norrænum ættum úr Vesturlöndum, einmitt þeir mennirnir, sem ætla má að sérstaklega hafi verið næmir fyrir menningaráhrifum. ... Hér á Íslandi blönduðu þessir tveir kynþættir blóði. Hér rann saman í eitt andlegt fjör, hugvit og snild Keltanna, og djúpskyggi, staðfesta og viljaþrek Norðmannanna, og fæddi af sér þjóðlíf, sem varla hefur átt sinn líka í sögunni. (10)

Landnámsmenn flytja með sér læsi, ritmenningu, vísindi, skáldskap og listfengi Íra, þekkingu beggja kynstofna á siglingum, siglingafræði og skipatækni, útþrá og þor Norðmanna. Það tók samkvæmt höfundi um öld eða svo að hrista þessa þætti saman, svo úr yrði íslenskt þjóðerni. Dæmi eru tekin um samstöðu Íslendinga í útlöndum, sem höfundur telur, að sýni mótun þess. Hugmyndir Sverris Jakobssonar draga dóm af þessu. Sverrir heldur því einmitt fram, að þegar ögrun útlendinga gagnvart Íslendingum náði hámarki sínu, þegar þeir gengu Hákon Hákonarsyni, Noregskonungi á vald árið 1262, hafi íslenskt þjóðerni endanlega tekið jöðsóttina.(11)

(8)Gunnar Karlsson. Íslensk ..., bls. 141-142.(9) Jón Jónsson. Íslenskt ..., bls. 48. (10)Sama rit, bls. 49. –

(11)Sverrir Jakobsson. Hvers konar ..., bls. 140.

Í þessu efni er Jón einnig „á undan“ sinni samtíð. Hann skoðar þjóðina, bæði með menningu hennar og stjórnun fyrir augum, einmitt í anda þess, sem Ragnheiður Kristjánsdóttir bendir á: „Þjóðernisstefna byggir á tveimur grunnhugmyndum um þjóðina; önnur leggur áherslu á þjóðina sem pólitíska einingu, hin á þjóðina sem menningarlegt fyrirbæri.“ (12)

Jón gerir enga grein fyrir lýsingu sinni á eiginleikum kynstofnanna tveggja. Hugmyndir hans um kynstofna eru fremur óljósar. Sama má segja erfðahugtak hans. Þó virðist varla ástæða til annars en að skilja það sem erfðir í víðtækasta skilningi, þ.e. líffræðilega, sálfræðilega og félagslega. Jón ríður hér greinilega á sömu „þjóðardraumórabylgju“ og margir samtímamenn hans í Evrópu um þær mundir, sem hann skrifar sögu sína. Vafalítið er hann einnig undir áhrifum mannræktarhyggjunnar (eugenics), sem vinsæl var um hans daga og skipti fólki (kynstofnun, þjóðum) í æðri og óæðri. Hinn aríski kynstofn eða „kákasus“ tilbrigði mannkyns var venjulega talinn erfðabestur. Skoðanir Jóns virðast af svipuðu tagi.

Jón var barns sína tíma eins og við öll erum. Þegar hann fæst við söguskoðun sína hefur Ísland, íslensk saga og bókmenntir komið í brennidepil þjóða, sem eru í leit að uppruna sínum og rótum. Sumar hverjar eins og Þjóðverjar og norrænu þjóðirnar, sem upphaflega mæltu á „danska tungu,“ í skilningi Snorra Sturlusonar. Julia Zernak er í hópi þeirra fræðimanna, sem rannsakað hefur þennan áhuga. Hún segir:

„[T]he attention given to Old Norse literature in the modern age moves between an aesthetically motivated international interest during the second half of the 18th century and its initially national and then nationalistic constriction later on. This development can also be observed beyond German-speaking areas; also in the Scandinavian countries (and occasionally elsewhere) Norse materials serve as component of foundational discourses of identity which, not inevitably but nonetheless frequently, serve nationalist ideologies.“ (13)

Í nýlegri doktorsritgerð sinni, tekur Sumarliði Ísleifsson í svipaðan streng:

„Ísland miðalda varð um tíma fyrirmynd um menntun, andlegan kraft, sköpun, líkamlegt atgervi og fegurð. Landið varð jafnvel eins konar vaggja norrænnar og germanskrar menningar og litið var svo á að þar væri rætur þeirra menningarstrauma að finna. Ísland varð að sögueyju. Hún geymdi frásagnir af glæsilegu fólki sem skapaði og naut menningar, framdi hetjudáðir og gerði víðreist um nálæg lönd; samlíkingar við Grikkland hið forna og Hellena urðu býsna algengar. Þessi orðræða varð hluti hinnar þjóðernissinnuðu og kynþáttatengdu orðræðu: Þegar litið væri til uppruna Íslendinga kæmi í ljós að þeir væru af úrvalsfólki komnir; ekki einungis af hinum kákasíska stofni heldur því besta af úrvalinu, hinum norræna stofni, sem bæri af öðrum kynstofnum, bæði andlega og líkamlega. Samkvæmt þessu skoðunum tilheyrðu Íslendingar yfirburðakynþætti germana.“ (14)

Það má því ljóst vera, að Jón skrifaði fyrirlestra sína í skýrum hugmyndafræðilegum anda samtíðar sinnar. Og láí honum það, hver sem vill.

(12) Ragnheiður Kristjánsdóttir. Rætur..., bls. 136. – (13) Zernak, J. Old Norse-Icelandic..., bls. 176. – (14) Sumarliði Ísleifsson. Tvær eyjar..., bls. 232. –

## *Sagnfræðileg arfleifð*

Arfleifðar Jóns gætir einkum á tveim sviðum, annars vegar viðbótum við kenningu hans um tengsl verzlunar og menningar á söguöld og hins vegar skilningi hans á yfirburðum þjóðareðlisins og hvernig það birtist mönnum um þessar mundir.

Skoðum fyrra sviðið. Jón færir rök að því, að landnámsmenn hafi að miklu leyti komið frá norræn-keltnesku byggðunum í Skotlandi og Írlandi, þó flestir trúlega frá eyjunum, þ.e. Orkneyjum, Hjaltlandseyjum og Suðureyjum. Þetta fólk var margt hvert af blönduðu kyni, enda þótt landnáminu stjórnðu höfðingjar, hersar og jarlar margir hverjir. Þæla telur hann aðallega hafa verið af keltnesku kyni. Að þessu gefnu er það nánast sjálfgefið, að allavega keltnesk áhrif hafa verið mikil, enda þótt hina norræna tunga hafi haldið velli, enda tunga höfðingjanna. Landnám ofangreindra átti sér yfirleitt stað á suðvestanverðu landinu, allt frá suðurlandi til Vestfjarða. Og það er einmitt á þessu svæði að ritmenning stóð í mestum blóma, grundvölluð á verzlun og siglingum, en það var af þessari atvinnugrein

sem þeir biðu lang mestan hagnað af, ekki einungis í fjárhagslegu, heldur einnig í menningarlegu tilliti, en það var verzlun og siglingar. Þar sköruðu þeir langt fram úr öllum síðari kynslóðum. Þeir létu ekki aðrar þjóðir eingöngu fær sér það alt upp í hendurnar, sem þeir þurftu á að halda, heldur lögðu þeir sjálfir út á djúpið til að sækja það. Þeir sigldu til Írlands og Englands, Noregs, Svíþjóðar, Danmerkur og Eystarsaltslandanna og juku margfalt bæði sinni þjóðarauð og sinn þjóðarþroska með þessum siglingum. Þeir urðu sjógarpar engu minni en frændur þeirra Norðmennirnir og fund fyrstir mann bæði Grænland og Vínland ... (15)

Þennan þráð Jóns hefur Helgi Guðmundsson tekið upp og bætt um betur. Útrásin í vestur, þ.e. landnám Grænlands átti sér í meginatriðum stað frá þessum sömu svæðum á Íslandi. Helgi leiðir að því afar sterkar líkur, að Ísland hafði orðið eins konar dreifingarmiðstöð grænlenks munaðarvarnings, svo sem náhvalatanna. En náhvalirnir voru veiddir – líklega í samvinnu við inúíta – langt norður með vesturströnd Grænlands.

Ljóst er, að ýmsir höfðingjar á þessum slóðum [Breiðafirði og Borgarfirði] áttu þátt í þessari verzlun, og þeir hafa verið auðugir. Hluti þess ríkisdæmis hefur runnið til kirkjunnar. Kirkjur og klaustur hafa auðgast. Klerkum hefur fjölgað. Fé og erlend menntun er grundvöllur lærdómsiðkana. Á 11., 12. Og 13. öld er vitað um ýmsa menn, sem fóru til náms í útlöndum, og þeir hafa kennt öðrum. ...

„Íslenzk rit voru á þessum tíma einkum samin á vestanverðu landinu. Það er á svæði, sem nær frá Odda í suðri að Þingeyrum í norðri. Þar hafa verið bestar aðstæður til ritunar bóka og mest eftirspurn. Það bendir til góðs efnahags og sambands við útlönd. Þarna hljóta að vera tengsl við Grænlandsverzlunina. ...

Afrakstur Grænlandsverzlunarinnar var sennilega fjárhagslegur grundvöllur og um leið helzta ástæða þess, að Íslendingar fóru að leggja stund á sagnaritun og bókagerð í svo miklum mæli. (16)

Snúum okkur þá að seinna sviðinu. Sigríður Matthíasdóttir, sem fyrir tíu árum síðan skrifaði doktorsritgerð um íslenska þjóðernisvitund, telur Jón Aðils hafa leikið lykilhlutverk við

Mótun íslensks þjóðernis á tuttugustu öld. Og varla er það ofmælt. (17) Greina má tvo meginstrauma í hugsun manna um þjóðernið. Verk Jóns eru mikilvæg í þeirri umfjöllun. Fyrst skal geta kenninga Guðmundar Hálfðánarsonar, sagnfræðings. Hann skoðar þjóðernið og þeirri áherslu á sjálfstæði, sem fylgdi mótun þess, með hliðsjón af hugtökum um vald og stétt. Í fáum orðum sagt, er niðurstaða hans, að sjálfstæðisbaráttan hafi í sjálfu sér ekki snúist um þjóðfrelsi, heldur baráttu auðugri bænda („hölda“) fyrir eigin hagi. (18)

Á hinn bóginn hafa kenningar Jóns lagt grundvöllinn að óviðurkvæmilegum þjóðarderringi og öfgaþjóðerniskennd, sem t.d tók að grafa um sig í íslenskum stjórnámálum, listalífi og viðskiptalífi undir lok síðustu aldar, þar sem forseti lýðveldisins hefur augin heldur lagt til stóran skerf. Þrástefið er gamalt Jónsstef um ættgöfgi og einstaka hæfileika íslenskrar þjóðar. Víkingseðlið er mönnum tams. Um það sagði Jón m.a.: „Víkingalífið var eins og örfandi og æsandi leikur milli lífs og dauða. Þar var stöðugt um tvent að tefla: gullið og gæfuna annars vegar og gröfina hins vegar.“ (19) Framlag hans hefur til að mynda orðið kveikjan að BA ritgerð. Niðurstöður höfundar, Tryggva Páls Tryggvasonar, koma ekki á óvart.:

Segja má að Ólafur Ragnar hafi gripið hugmyndir Jóns J. Aðils á lofti og bætt við þær. ... um söguskoðun hans kemur fram að við Íslendingar hafi brotist úr fátækt fyrri tíma með dugnaði, eljusemi, sköpunargáfu og frumkvöðlaeðli okkar. Allt séu þetta ákveðnir eðlisþættir sem blundi í okkur Íslendingum og eru þeir arfur frá víkingunum sem námu hér land, ... Ólafur Ragnar gríðurt i eðlisskýringa á velgengni Íslendinga í fjárfestingum og listum líkt og Jón J. Aðils gerði þegar hann skýrði velgengni og hnignun Íslands. (20)

Þannig má sjá, að kenningar Jóns J. Aðils lifa góðu lífi innan sem utan sagnfræðinnar. Það virðist varla hjá því komist að taka ekki afstöðu til þeirra.

## Niðurlag

Höfundur er vitanlega barn síns tíma. Hann stundar fræði sín í andrúmslofti draumórakenninga um mannrækt og þjóðerni. Þetta setur óneitanlega heldur ógeðfelldan svip á sumar hugsanir hans um æðri og óæðri kynþætti og fremur einhliða umræðu um kynin tvö, enda þótt göfugar konur sé einstaka sinnum nefndar til sögu. Gerendur eru að yfirgnæfandi hluta karlmenn. Slíkar áherslur eru síst til vinsælda fallnar um þessar mundir. Hverju sem því líður, hefur bók hans elst býsna vel

(17) Morgunblaðið. Karlmennska.../einnig: Hinn sanni Íslendingur. - (18) Guðmundur (19) Jón Jónsson. Íslenzka ..., bls. 6. - (20) Tryggvi P. Tryggvason. Auður og hagsæld..., bls. 26.

Ævi/lífshlaup – ætlunarverk (nýjar áherslur miðað við fyrri sagnfræðinga/þjóðernistilfinningin, sjálfstæðið)– sjónarhorn/aðferð/Söguskilningur – meginhugtök (kyn, arfur, kyngöfgun) – niðurstaða – fræðilegur arfur (Helgi Guðmundsson, Sverrir Jakobsson (Ferdinand Braudel)